

Stafræn frampróun — helstu áfangar



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið

Lauk 2019



Þjónustukort

Byggðastofnun

Þjónustukortið sýnir almenna þjónustu hins opin-bera og einkaaðila um allt land með myndrænum hætti. Markmiðið er að auka og bæta aðgengi almennings að upplýsingum um þjónustu víðs vegar um landið og auka tækifæri til nýsköpunar og frekari stefnumótunar á sviði byggðamála. Áfram verður unnið að uppfærslu þjónustubátta og gagnasöfnun frá sveitarfélögum.

Lauk 2020



Tilkynningagátt um net- og upplýsingaöryggisatvik

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Tilkynningagátt um öryggisatvik auðveldar stofnunum og fyrirtækjum að tilkynna um öryggisatvik sem upp kunna að koma í rekstri þeirra. Öryggisatvikin geta verið netatvik, tengd netárásur eða netglæpum, en geta einnig orðið með öðrum hætti hvað varðar vernd persónuupplýsinga.

Unnið í samstarfi við Persónuvernd, Fjarskiptastofu og lögreglu.

Lauk 2020



Rafræn meðmælendaskráning vegna kosninga

Þjóðskrá Íslands

Söfnun meðmælenda vegna kosningar hefur verið einfölduð með því að gera hana rafræna í stað þess að söfnunin fari fram á pappír. Í fyrstu bylgju Covid-19 gátu forsetaframboðendur safnað meðmælendum rafrænt í stað þess að safna með pappírsundirskriftum.

Unnið í samstarfi við dómismálaráðuneytið og Stafrænt Ísland.

Lauk 2020



Loftbrú

Vegagerðin

Loftbrú gerir íbúum landsbyggðarinnar kleift að kaupa ódýrara flug til höfuðborgarinnar og jafna þannig aðgengi að miðlægri þjónustu og menningu.

Unnið í samstarfi við Stafrænt Ísland.

Lauk 2020



Afskráningar ökutækja gerðar rafrænar

Samgöngustofa

Afskráning ökutækja er nú rafræn og nú mæta einstaklingar með ökutækji á söfnunarstöð í stað þess að ferðast á milli staða með pappíra og númeraplötur. Ferlið tók áður nokkra daga en er þess í stað nú örfáar mínútur.

Unnið í samstarfi við Stafrænt Ísland.

Lauk 2020



Gagnatorg byggðamála

Byggðastofnun

Gagnatorg byggðamála einfaldar aðgengi almennings að upplýsingum um byggðapróun og tengd málefni. Notandi getur unnið með gögnin í sérstöku vefviðmóti og sett upp sínar eigin töflur, myndir og kort.

Lauk 2020



Rafrænt utankjörfundarkerfi

Þjóðskrá Íslands

Nýtt rafrænt utankjörfundarkerfi í gegnum vefviðmót hefur verið þróað til að einfalda utankjörfundarkosningu.

Lauk 2021



Vegvísir

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Vegvísir er gagnvirkur upplýsingavefur um samgöngur, fjarskipti og byggðamál og er ætlað að vera leiðarvísir almennings að lykilupplýsingum um þessa málaflokka. Verkefnið er nýsköpunar- og umbótaverkefni sem greiðir aðgang almennings að upplýsingum og hvetur til samtals um málefni og áætlanir ráðuneytisins.



BYGGÐASTOFNUN



Fjarskiptastofa



Samgöngustofa



Vegagerðin



Þjóðskrá

● Samgöngumál

● Byggðamál

● Fjarskiptamál

Stafræn frampróun — helstu áfangar



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið

Lýkur 2021, 1. áfangi



Rafrænar þinglýsingar

Þjóðskrá Íslands

Ferli þinglýsinga er gert rafrænt og einfaldara fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem mun fela í sér fækkun ferða til embætta sýslumanns. Þjóðskrá mun sjá um hýsingu rekstur og þróun.

Unnið í samstarfi við dómsmálaráðuneytið, Stafrænt Ísland og sýslumannsembættin.

Lýkur 2021



Eigendaskipti bifreiða gerð rafræn

Samgöngustofa

Einstaklingar og stórnotendur (fjármálafyrirtæki, tryggingafélag og bílasölur) geta framkvæmt eigendaskipti rafrænt.

Lýkur 2021, 1. og 2. áfangi



Stafrænt ökunámsferli

Samgöngustofa

Umgjörð fyrir almennt ökunám verður gert stafrænt. Markmiðið er að einfalda ferlið frá umsókn um ökunám til útgáfu ökuskrteinis. Verkefnið er þrjúþætt, í fyrsta áfanga verður umsóknaferlið rafrænt. Í öðrum áfanga verður ökunámsbókin rafræn. Í þriðja áfanga verður ferlið í kringum próftöku og útgáfu skirteina stafrænt.

Unnið í samstarfi við sýslumannsembættin, ríkislögreglustjóra og Stafrænt Íslandi.

Lýkur 2021



Rafrænt umsóknarkerfi vegabréfa

Þjóðskrá Íslands

Umsóknarferlið er einfaldað og gert rafrænt og biðtími almenninga eftir vegabréfum stytur enn frekar.

Lýkur 2021



Upplýsingagjöf til vegfarenda um færð og veður á stafrænt form

Vegagerðin

Vegfarendur geta brátt fengið upplýsingar um færð og ástand vega beint í leiðsögukerfi í snjalltækjum. Vegagerðin hefur hafið útgáfu þessara upplýsinga á samevrópskum DATEXII (Dtex2) staðli og verða þar með gerðar aðgengilegar alþjóðlegum leiðsögubjónustum, s.s. hjá Google og Apple.

Lýkur 2021



Rafrænar skipaskoðanir og skoðunarhringir

Samgöngustofa

Skoðunarhringir og skoðunaratríði eru færð á rafrænt form og munu skoðunarskýrslur endurspegla mismunandi eiginleika skipa. Umsýsla verður öruggari og hægt verður að nálgast niðurstöður skoðana rafrænt.

Lýkur 2023



Gagnagrunnur almennra fjarskiptaneta

Fjarskiptastofa

Markmiðið með gagnagrunninum er að veita upplýsingar til almenninga, stjórnsýslu og annarra hagaðila um fjarskiptaþjónustu sem er í boði eða væntanleg, sem og gæði hennar og öryggi.



BYGGDASTOFNUN



Fjarskiptastofa



Samgöngustofa



Vegagerðin



Þjóðskrá

Samgöngumál

Bygðamál

Fjarskiptamál

Útgáfa 1.7.2021